

Garðurinn okkar Dalirnir – erindi Bjarnheiðar Jóhannsdóttir á íbúafundi DalaAuðs þann 8. október 2025.

Kæru Dalamenn, kæru nágrannar og vinir.

Ég sé samfélagið okkar eins og garð. Ekki þennan með sléttu einsleitu grasflötinni, þar sem ekki má blómstra einn einasti fífill, heldur garð með trjám, smáblómum, grænmeti og ávöxtum, allt á sínum stað, með smá illgresi í bland.

Ef við viljum að hann blómstri, gefi af sér og veiti veröldinni og okkur sjálfum gleði þurfum við að hugsa vel um hann og ekki láta hann fara í órækt, visna og fölna. Við þurfum að vökva.

Á síðustu öld vann ég á Norðurlandi vestra, fyrir atvinnuþróunarfélag og það var þá sem ég fór að horfa á hvað gerði samfélög að góðum og næringarríkum jarðvegi fyrir mannlífið. Og ég sá mjög mikinn mun á milli samfélaga.

Mig langar að nefna tvö dæmi. Á Skagaströnd var nýbúið að leggja niður allar konurnar í rækjunni hjá Skagstrendingi og í stað þess að einhvern veginn gefast upp spratt upp allskonar smástarfsemi, snyrtistofa, saumabjónusta, meira að segja kjólabúð á tímabili. Og ég fór með 60 Skagastrandarkonum á hafnarvigtina eitt haustið og við vigtuðum okkur, fórum svo í átak með sjúkrabjálfa, leikfimigúru og sálfræðing okkur til stuðnings og hresstum upp á líkama og sál. Stigum svo aftur á vigtina og höfðum misst á annað tonn.

Og á Hólum í Hjaltadal. Þar var bændaskóli að komast í eitthvað los. En þá voru tekin upp gleraugun og skoðað hvaða sérstöðu væri hægt að fara í og úr því spratt fiskeldið, hestabrautin og ferðamálin. Þau drógu að sér fólk með þekkingu og þessi kraftur lifir enn í Háskólanum á Hólum.

Þar sem sigrum var fagnað, hugmyndir peppaðar upp, fólk lék sér og prófaði að gera hluti, þótt þeir gætu mistekist, þar var yfirleitt stöðugt og öflugt mannlíf. Þar sem mistökin voru til að skemmta sér yfir, læra af og halda svo bara áfram.

Líka þar sem fólk talaði fallega hvert til annars og leysti málin á meðan þau voru lítil og krúttleg og ekki orðin stórmál. Og þar sem þau voru leyst án átaka, gífuryrða og í bróðerni.

Þið vitið, eins og með illgresið. Ef það fær að vaxa, kæfir það gulræturnar og við fáum enga uppskeru. En sé illgresið rífið upp með offorsi losnar um gulræturnar og þær vaxa hægar, eða rifna upp með illgresinu.

Mér finnst stórkostlegt að sjá Dalina blómstra, eins og þeir hafa gert undanfarið. Menning og mannlíf blómstrar, við gerum þetta saman, hvort sem það er að smala eða byggja upp fyrirtæki og búa okkur samheldnar fjölskyldur. Jafnvel þótt útlitið sé ekkert alltaf æðislegt. Við erum ekkert að bíða eftir að einhverjir aðrir komi á hvítum hesti að bjarga okkur, heldur bara gerum þetta. Og þegar allt gengur vel eigum við að fagna því, njóta og hrósa hvort öðru.

Og þegar vandamálin banka upp á stendur þannig samfélag saman. Miklu betur en hin þar sem allir bíða eftir að einhverjir aðrir geri hlutina, þar sem fólk talar hranalega hvert til annars og stundar átök.

Þessi garður okkar er það sem á að fósra lífið okkar hér, næra okkur og vaxa með okkur, hvort sem það er bjart eða dimmt. Við eigum að geta gagnrýnt hvert annað án þess að meiða, lagað vandamál án þess að særa og hlúð að því sem gerist, hvort sem við höfum trú á því eða ekki.

Því það gerist þó alltént eitthvað. Allt er betra en að ekkert gerist, allt er betra en illskeytt átök. Því þá fer fólk. Sumt fólkið kemur aldrei aftur. Sumt fólkið sem fór, stendur aldrei aftur með okkur.

Þess vegna þurfum við að velja markvisst og viljandi að tala upp, tala fallega, framkvæma í sátt og samlyndi og skemmta okkur öllum á kostnað einskis annars en okkar sjálfra. Þið vitið, hafa gaman af lífinu saman, með öllum þeim ævintýrum sem við getum gert, ef við bara horfum bjartsýn fram á veginn.

Því hugsunin um að það verði allt gott, eykur líkurnar á að það verði allt gott.